

ÞÓ

MÁNUDAGUR 18. DESEMBER 2017

Tíska



Miklar breytingar hafa orðið á rekstri Lindex og verslunum úti á landi hefur fjölgað til muna. „Okkur hefur lánast að hafa með okkur ótrúlegan flotta hóp starfsfólks sem hefur byggt þetta upp með okkur og fyrir það erum við einstaklega þakklát. Við erum einnig þakklát fyrir samstarf við UNICEF og Krabbameinsfélag Íslands en við stefnum að því að verða stærstu einstöku stuðningsaðilar þessara samtaka.“

Ár breytinga hjá Lindex

Albert Þór Magnússon og Lóa D. Kristjánsdóttir eru umboðsaðilar Lindex á Íslandi. Árið hefur verið viðburðaríkt hjá starfsfólki Lindex en verslunum Lindex hefur fjölgað um helming á þessu ári. Í ársbyrjun voru 4 Lindex verslanir á Íslandi en nú eru þær orðnar 8, að netverslun meðtalinni.

Á árinu hefur fjöldi verslana Lindex á Íslandi tvöfaldast og ný netverslun verið tekin í notkun, auk þess sem samkeppnisumhverfið hefur breyst mikið. Þetta hefur gert árið 2017 að ári breytinga hjá Lindex. Fyrirtækið, sem hóf göngu sína í bílskúr á Selfossi, fagnar nú sjöunda árinu í fremstu röð verslana með barna, dömu- og undirfatnað, ásamt snyrtivörum hér á Íslandi.

„Árið hófst með því að við þurftum nauðsynlega að ná utan um það sem hafði ekki fylgt eftir hraðri uppbyggingu okkar en það er lagerinn. Hann var í raun á þremur ólíkum stöðum með tilheyrandi óþægindum og óhagkvæmni sem því fylgdi. Þetta var orðin risastór hindrun í frekari vexti okkar og eftir þó nokkra leit lánaðist okkur að finna húsnaði sem hentaði okkur fullkomlega. Við fjárfestum í tæplega 1.000 fm húsnaði í Garðabænum sem gerði okkur kleift að taka næstu skref

Framhald á síðu 2 ➔

Sjöundi var **Hurðarskellir**. Hann skellti hurðunum svo harkalega að fólkið gat ekki lagt sig í rökkrinu.

Jólasveinastytta
KR. 2.990.-



6 dagar til jóla

icemart

LAUGAVEGUR 89 • S: 585 0507

Framhald af forsiðu ➔

fram á við. Við komum þannig öllum okkar rekstri á einn og sama stað, sem lagði ákveðinn grunn að því sem koma skyldi," segir Albert.

Undirfataverslun opnuð á Laugaveginum

Fyrsta verslunin sem bættist í verslunarflórana var undirfataverslunin á Laugaveginum í maí. „Við vildum opna verslun í miðbæ Reykjavíkur en staðsetning og stærð fannst ekki fyrr en við fundum húsnæði að Laugavegi 7. Það hentaði fullkomlega fyrir undirfataverslun og var gaman að kynna í fyrsta sinn nýja innréttingahönnun í miðborginni," segir Lóa.

Nýtt útlit Lindex verslana var frumsýnt á Íslandi en fyrirtækið hefur áður hlotið verðlaun fyrir hönnunina á verslunum sínum. Hönnunin kallast „clean concept“ og byggir á björtu yfirbragði, ólíkum litbrigðum hvíttra og svartra lita, auk viðar sem gefur versluninni skandinavískt yfirbragð. Hugmyndafræðin nær einnig til umhverfis- og sjálfbærnisstefnu Lindex og þetta endurspeglast í stöðugt meira framboði á vörum framleiddum með sjálfbærum hætti. Fyrirtækið hefur einsett sér að 80% af framleiðslunni verði framleidd með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti fyrir árið 2020 og 100% af bómull Lindex verði framleidd með lifrænum og/ eða sjálfbærum hætti fyrir þann tíma.

Barnalínan úr lifrænni bómull

Haustið 2016 kynnti Lindex einnig möguleika á að endurnýta fatnað með því að skila til verslunarinnar og fá í staðinn inneign í gegnum aðild að vildarklúbbnum More at Lindex. Langstærstur hluti af barnalínu Lindex er úr lifrænni bómull og endurunnum efnunum.

Í kjölfarið á vel heppnaðri opnun í miðbænum var hafist handa við verslunina í Krossmóa, Reykjanesbæ, 330 fm verslun sem er í einu verslunarmiðstöð Suðurnesja. „Það verkefni gekk hreint út sagt ótrúlega vel! Við vorum með tilbúna verslun tveimur vikum fyrir auglýstan opnunardag svo við ákváðum að flýta opnuninni um hálfan mánuð. Móttökurnar fóru fram úr okkar björtustu vonum en fyrsta mánuðinn tókum við á móti rúmlega öllum íbúafjölda Reykjanesbæjar. Móttökurnar á Suðurnesjum eru okkur mikils virði," segir Lóa.

Netverslunin lindex.is opnuð

Netverslun hefur aukist gríðarlega á undanförunum misserum, um 60% aukning milli ára skv. útgefnum tölum Póstsins. Lindex opnaði lindex.is þann 1. september og hafa viðbrögðin ekki látið standa á sér.

„Bóðið er upp á fjölmarga afhendingarkosti, allt frá því að sækja vöruna daginn eftir kaup í eina af verslunum Lindex, til þess að fá hana senda beint heim að dyrum. Afhending í verslanir Lindex er alltaf án endurgjalds og sending á pósthús viðkomandi er ókeypis sé verslað fyrir meira en 5.000 kr.," segir Albert og bætir við: „Við erum í skýjunum yfir því hvernig netverslun hjá okkur hefur þróast en þetta hefur gerst mun hraðar en við gerðum ráð fyrir.“

Bjartari og rýmri verslanir

Til viðbótar við fjölgun verslana hafa verslanirnar í Kringlunni og Smáralind tekið miklum breytingum.

„Við sáum að það þrengdi verulega að okkar viðskiptavinum í barnaversluninni í Kringlunni. Því var brugðið á það ráð að sameina undirfataverslunina og dómu-



Nýtt útlit Lindex verslana var frumsýnt á Íslandi en fyrirtækið hefur áður hlotið verðlaun fyrir hönnunina á verslunum sínum. Hönnunin kallast „clean concept“ og byggir á björtu yfirbragði, ólíkum litbrigðum hvíttra og svartra lita, auk viðar sem gefur versluninni smekklegt, skandinavískt yfirbragð.



„Við fengum að skyggast inn í línur næsta árs og verður skemmtilegt að bjóða tiskupplifun á heimsmælikvarða á öllum þessum nýju stöðum.“



Lindex hefur orðið að bæta við afgreiðslukössum í verslunum sínum.

verslunina og stækka Lindex Kids um nær helming. Þessi breyting hefur skilað því að mun betur fer um þessa mikilvægu deild okkar og verslunin er í stöðugum vexti," segir Albert.

„Einnig sáum við tækifæri með flutningi lagersins til að stækka verslunina í Smáralind og stækka starfsmannaástöðu um leið og við gerbreyttum útliti og aðkomu verslunarinnar í Smáralind. Með þessu móti gátum við gjörbreytt mátunarklefuna, ásamt því að stækka undirfata- og barnadeildina. Verslunin er björt og stór," segir Albert brosandí.

Til að fylgja eftir vel heppnaðri

opnun var ákveðið að fara á Vesturland, nánar tiltekið á Akranes, með verslun.

„Það var engu líkara en að verslunarbilið hafi beðið eftir okkur þarna við hlið Krónunnar á Dalbraut 1 á Akranesi. Þetta eru tæpir 400 fm þar sem allt það helsta úr okkar vörulínum fæst. Verslunin er einstaklega björt og hefur aðsókn verið engu lík," segir Lóa.

„Gangurinn endurspeglast vel í því að við þurfum þegar í stað að bæta við afgreiðslukassa, slíkur var fjöldinn. Við erum virkilega ánægð með hversu vel Vestlendingar hafa tekið Lindex," segir Lóa.



Lindex er með gott úrval af snyrtivörum, auk þess að bjóða upp á breiða línu af fatnaði fyrir alla aldurshópa. Lögð er áhersla á góða þjónustu.



DJ Dóra hélt uppi stuðinu þegar Lindex á Vesturlandi var opnuð.

Spennt fyrir nýju ári

Að lokum er vel við hæfi að spyrja, hvort þetta sé ekki orðið ágætt af opnunum nýrra verslana. Hvað er fram undan?

„Við erum ótrúlega spennt fyrir nýju ári. Við höfum fengið að skyggast inn í línur næsta árs og verður skemmtilegt að geta haldið áfram að bjóða tiskupplifun á heimsmælikvarða á öllum þessum nýju stöðum. Það standa til breytingar á Laugaveginum sem verður algjör nýlunda á Íslandi og þótt viðar væri leitað. Til viðbótar erum við sérlega spennt fyrir að opna í mínum heimabæ, Selfossi, með tilkomu nýs miðbæjar þar," segir Lóa.

„Okkur hefur lánast að hafa með okkur ótrúlega flottan hóp starfsfólks sem hefur byggt þetta upp með okkur og fyrir það erum við einstaklega þakklát. Við erum einnig þakklát fyrir samstarf við UNICEF og Krabbameinsfélag Íslands en við stefnum að því að verða stærstu einstöku stuðningsaðilar þessara samtaka. Við höldum UNICEF dag í verslunum okkar um daginn og Sannar gjafir eru gott dæmi um þetta samstarf en þetta er þriðja árið í röð þar sem við einsetjum okkur að stöðja við baráttu UNICEF fyrir bættum hag barna í heiminum," segir Albert að lokum.

Bílar & Farartæki

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar

**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - HafnarfirðiSími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Pípulagnir

Pípuþingameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

ÁJ MÁLUN

Get bætt við verkum. Fast verð eða tímavinna. Öll almenn málingavinna. Vanir menn og vönduð vinna. Upplýsingar í síma 868-6656 eða ajmalun@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Smíðum eftir máli
glugga, fög og útihurðir

Hurðir & gluggar
S: 565 4123
jon@hurdirogluggar.is
Kaplahauni 17 • Hafnarfirði
www.hurdirogluggar.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt
að leika sér

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

PÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL
-SPÁÍ Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGIÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuspá. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845
Spáir í spil og bólla. Símaspá,
Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er
á facebook

Önnur þjónusta

Borgarafi ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

Keypt
& Selt

Til sölu

BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL
VÉLAR- og VERKFERI
Júlí 2012
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!!
eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞITT
MYNDA-
ALBUM

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!!
eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Hágæða Hornafjarðarhumar
og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í
SJÁVARFANGI Heimsending. www.
humarsalan.is Pöntunarsími: 867
6677

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára
barnið
JS LJÓSAMÍDJAN
VÉLARVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLARÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með
rafgeymi, einnig 24 volta og 32
volta vandaðir díóðuljósakrossar
á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf
Skemmuvegur 34 (brún gata) 200
kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699
2502. Opíð virka daga 8-18 og á
laugardögum í desember 10-16.

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Barnaheill
See the Children & Learn
Vissir þú að...
börneiga rétt á
nægum sveti

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR
Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefti,
parket, útihúðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarolla. Indus ehf,
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi
í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI
+ SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið
Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp.
barnidokkar.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

HÚSNÆÐI TIL LEIGU:

165 fm húsnæði á götuhæð
að Nýbýlavegi 8 með inngang
og glugga að Nýbýlavegi.
Húsnæðið hefur verið nýtt undir
matvælaframleiðslu, og hentar
afar vel undir veitingastað eða
matvælaframleiðslu.
Nánar: hafsteinn@
lundurfasteignir.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S:
564-6500

Hönnun



HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera
verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum
og sumarhúsum. Fast verð.
Upplýsingar í síma 783 4180 eða
kjartangardars@gmail.com

**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf
kirkjunnar

**GEFÐU
VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf
kirkjunnar

Húsnæði óskast

Hús/ hæð / raðhús í
110 RVK eða nágrenni óskast!

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi,
eða hæð á sv. 110 eða nágrenni. Skoðum allt.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Nánari upplýsingar sendist á:
sendtohelgi@gmail.com

Atvinna



Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir
eftirfarandi störf laust til umsóknar

Grunnskólinn á Hólmavík

Lausar stöður við Grunn- og tón-
skólann á Hólmavík vorönn 2018



• Staða umsóknarkennara á miðstigi.

Um er að ræða samkennslu í 5. – 7. bekk. Meðal
kennslugreina: íslenska, stærðfræði, náttúrugreinar og
áhersla á þemabundin verkefni. Umsækjandi þarf að
geta hafið störf sem fyrst en í síðasta lagi 1. mars 2018

• Staða tónlistarkennara.

Meðal kennslugreina: gítar, rafmagnsgítar, bassi og
trommur. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst
Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunn-
skóla. Leitað er eftir einstaklingum með góða skillags-
hæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum.
Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunar-
starfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu
hafa hreint sakavottorð.

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunnskó-
la. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulags-
shæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum.
Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunar-
starfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu
hafa hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar
sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

Umsóknarfrestur er til 30. desember 2017.

Nánari upplýsingar veitir:

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri,
sími 451 3430, netfang skolastjori@strandabyggd.is

Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskirteina
ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á
skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á
Hólmavík, Skólbraut 20-22, 510 Hólmavík

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Fáðu þér appið!